



Forsætisráðuneytið
Skrifstofa Löggjafarmála
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 17. Júní 2019

Umsögn Landverndar um mál S-129/2019 Drög að stjórnarskrárákvæði um umhverfisvernd.

Landvernd skilar á sama tíma inn umsögn um mál S-128 og gerir við þær sömu almennu athugasemdir sem hér fylgja.

Megin niðurstaða:

Stjórnarskrá er samningur þjóðarinnar við valdhafana. Stjórn Landverndar vill benda á strax í upphafi að til er tillaga að stjórnarskrá sem þjóðin staðfesti í almennum kosningum að lögð yrði til grundvallar að nýrri stjórnarskrá. Landvernd telur það sé farsælasta niðurstaða málsins að halda sig við þá niðurstöðu. Að hverfa frá sem samþykktar hafa verið í þjóðaratkvæðagreiðslu er ólýðræðislegt. Ekki liggja fyrir nein efnisleg rök fyrir því að að breyta frá þeim. Stjórn Landverndar hvetur því forsætisráðherra að leggja þá tillögu sem samþykkt var í þjóðaratkvæðagreiðslu fyrir Alþingi.

Á þjóðfundunum 2010 kom í ljós skýr vilji þjóðarinnar til þess að vernda náttúruna og að setja umhverfið í forgang. Við atkvæðagreiðslu 2012 vildu 67% að tillögur stjórnlagaráðs yrðu lagðar til grundvallar nýrri stjórnarskrár og 83% vildu náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu í þjóðareign.

Engin sýnileg ástæða fyrir því að breyta ákvæðunum frá tillögum stjórnlagaráðs og stjórn Landverndar ítrekar að eðlilegt sé að leggja tillögur stjórnlagaráðs fyrir Alþingi til atkvæðagreiðslu.

Sértækar athugasemdir við framlagða tillögu:

Stjórn Landverndar vill þó koma með athugasemdir um þær stjórnarskrárbreytingar sem lagðar eru til í máli S-129/2019, tillögur svokallaðrar formannanefndar. Þær tillögur víkja í grundvallaratriðum frá tillögum stjórnlagaráðs og eru eins og við er að búast mun takmarkaðri þegar kemur að rétti almennings/þjóðarinnar og náttúrunnar. Í tillögum formannanefndarinnar er um að ræða takmarkaðri rétt almennings, takmarkaðri ábyrgð stjórnvalda gagnvart náttúrunni, réttur náttúrunnar sem hugtak er fjarlæggt og gjaldtaka fyrir afnot af auðlindum sett í

hendur Alþingis til ákvörunar hverju sinni. Þá á samkvæmt þeim að festa í stjórnarskrá rétt landeigenda umfram hag almennings sem er mjög sérstök afturför.

Hér á eftir fylgja nokkrar sértækar athugasemdir um þetta með öllum fyrirvörum sem getið er um að ofan; að stjórn Landverndar telur rétt að leggja tillögur stjórnlagaráðs fyrir Alþingi og breyta stjórnarskránni í samræmi við vilja þjóðarinnar en ekki þingsins.

Réttur náttúrunnar

Í tillögum stjórnlagaráðs var lagt til að náttúran hefði rétt til tilvistar. Hér væri um að ræða grundvallarviðhorfsbreytingu til náttúrunnar, hvaða sess hún skipar í tilveru okkar og þess sem við getum tekið frá henni. Stjórn Landverndar leggur því til að setningin:

“Nýtingu náttúrugæða skal haga þannig að þau skerðist sem minnst til langframa og réttur náttúrunnar og komandi kynslóða sé virtur”

verði felld inn í tillögur formannnefndarinnar.

Hagsmunir landeigenda og annarra rétthafa

Eignarétturinn er verndaður í stjórnarskrá í sérstakri grein. Hagsmunir landeigenda og annara sem hafa lögvarða hagsmuni eru einnig gulltryggðir í bak og fyrir í íslenskum lögum og varðir innan íslenska dómskerfisins eins og fjölmargir dómar eru til vitnis um. Það er því bæði óeðlilegt og ónauðsynlegt að fella inn í kafla um náttúruvernd í stjórnarskrá lýðveldisríkis að bera skuli virðingu fyrir hagsmunum landeigenda. Á hinn bóginn eru hagsmuna náttúrunnar lítt gætt í stjórnarskrá, lögum eða í dómskerfinu. Landvernd leggur því til að textinn:

“og virða hagsmuni landeigenda og annarra rétthafa. Mælt skal nánar fyrir í lögum um inntak og afmörkun almennaréttar.”

verði felldur brott.

35. grein í tillögum stjórnlagaráðs

Ekki er í formannatillögum lagt til að 35. grein í tillögum stjórnlagaráðs verði felld inn í stjórnarskrá en hún tryggir rétt almennings til þátttöku í ákvörðunum sem varða umhverfið og skyldu stjórnvalda til þess að upplýsa um þær. Formannanefndin leggur í staðin til að löggjafanum verði falið að taka afstöðu til þessa.

Stjórn Landverndar telur að það torveldi náttúruvernd ef ekki er tryggt að að málsvarar hennar, almenningur og samtök almennings, hafi möguleika á að veita stjórnvöldum eðlilegt aðhald. Almenningur og samtök almennings gegna nauðsynlegu hlutverki í því að ákveða hvernig sameiginlegar auðlindir eru nýttar og hvernig gengið er um sameiginleg land- og náttúrugæði.



Sá vandi sem við erum komin í sem mannkyn vegna þess skaða sem við höfum unnið umhverfi okkar á rætur sínar meðal annars í því að sjaldan er hlustað á eða farið að ráðum umhverfisverndarfólks við ákvarðanatöku. Hamfarahlýnun hefur verið rædd hinum opinbera vettvangi í 30 ár en þeir sem taka ákvarðanirnar hlusta fyrst og fremst á sjónarmið hagsmunaaðila. Þess vegna hefur árangur okkar í því að koma böndum á umhverfisvandann verið takmarkaður hingað til. Svo virðist sem skammtímagróði sé of mikilvægur til þess að stjórnmalafólk grípi til raunverulegra og alvöru aðgerða sem tryggja afkomuna til lengri tíma lítið.

Án aðkomu almennings munu áhrif hagsmunaaðila á opinbera ákvarðanatöku vera yfirgnæfandi og þær teknar til þess hámarka skammtímagróða hagsmunaaðila. Því er nauðsynlegt að samfara því að fella inn í stjórnarskrá ákvæði um náttúruvernd og auðlindanýtingu að tryggja einnig aðkomu almennings að ákvarðanatöku. Landvernd leggur því til að 35. grein í tillögum stjórnlagaráðs verði felld inn í stjórnarskrá.

Lokaorð

Vilji forsætisráðherra af einhverjum ástæðum ekki leggja þá tillögu stjórnlagaráðs sem þjóðin vildi að lögð yrði til grundvallar nýrri stjórnarskrár, fyrir Alþingi þarf hún að mati Landverndar að útskýra vel hvaða málefnalegar ástæður liggja þar að baki. Þar nægir ekki að segja að forsætisráðherra telji að tillögurnar muni ekki ná fram að ganga á Alþingi, því það er nauðsynlegt fyrir þjóðina að fá að vita hvaða þingmenn það eru sem telja sig vita betur en þjóðin um það hvernig samningur þjóðarinnar við þá á að líta út. Það er úrelt kerfi og býður upp á spillingu þar sem eingöngu valdhafar geta breytt samningnum milli þjóðarinnar og þeirra en ekki þjóðin sjálf.

Þá er óskiljanlegt að Alþingi telji sig hafa vald til þess að ganga gegn vilja þjóðarinnar, og ekki bara Alþingi eins kjörtímabils heldur þriggja.

Landvernd hvetur forsætisráðherra til þess að endurskoða þessar tillögur, taka upp tillögur stjórnlagaráðs óbreyttar eða þannig að þær tryggi aukin réttindi almennings, og setja í gang þá vinnu sem þarf til þess að þjóðin fái nýja stjórnaskrá byggða á tillögum þeim sem hún hefur þegar samþykkt.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Landverndar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri